

REGLUGERÐ

um gildistöku framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/934 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar vinnræktarsvæði þar sem auka má alkóhólstyrkleikann, leyfilegar vinnfræðilegar vinnsluáferðir og takmarkanir sem eiga við um framleiðslu og varðveislu vinnræktarafurða, lágmarkshlutfall alkóhóls í aukaafurðum og ráðstöfun þeirra og birtingu skráa Alþjóðavinstofnunarinnar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um innflutning og útflutning á víni milli Íslands og annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu. Vín sem upprunið er frá landi utan Evrópska efnahagssvæðisins heyrir ekki undir reglugerðina. Ákvæði þau sem innleidd eru með reglugerð þessari skulu gilda með þeim aðlögunum sem leiða má af ákvæðum meginmáls samningsins, altækri aðlögun í inngangi að bókun 47 við samninginn og sértæka aðlögunartextanum í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn.

2. gr.

Á grundvelli eftirtalinnna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirtaldar ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/934 frá 12. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 að því er varðar vinnræktarsvæði þar sem auka má alkóhólstyrkleikann, leyfilegar vinnfræðilegar vinnsluáferðir og takmarkanir sem eiga við um framleiðslu og varðveislu vinnræktarafurða, lágmarkshlutfall alkóhóls í aukaafurðum og ráðstöfun þeirra og birtingu skráa Alþjóðavinstofnunarinnar. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 273/2022, frá 23. september 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 72, frá 3. nóvember 2022, bls. 536.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/565 frá 13. febrúar 2020 um leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/934 að því er varðar umbreytingarfyrirkomulag vegna setningar birgða af vinnræktarafurðum á markað. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 273/2022, frá 23. september 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 72, frá 3. nóvember 2022, bls. 588.

3. gr.

Tollyfirvöld hafa eftirlit með því að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt í samræmi við 132. gr. tollalaga nr. 88/2005.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar hafa eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli, sbr. 29. gr. laga nr. 130/2014, um vernd afurðarheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 40., sbr. 27. gr. laga um vernd afurðarheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu nr. 130/2014, með síðari breytingum, og 31. gr. a laga um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 7. mars 2023.

Svandís Svavarsdóttir.

Margrét Björk Sigurðardóttir.